

### Tillaga að ályktun um Vestfjarðalínu

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024 hvetur stjórnvöld til að leita nýrra leiða við fjármögnun á uppbyggingu innviða á Vestfjörðum. Litið verði á uppbyggingu jarðgangna og annarra samgönguinnviða á Vestfjörðum sem sérstakt viðfangsefni samgöngumála í landinu.

Fjórðungsþing telur mikilvægt að stjórnvöld gangi hér til samstarfs við Innviðafélag Vestfjarða, sveitarfélög, Vestfjarðastofu og aðra hlutaðeigandi aðila við leit að fjármagni til að hrinda í framkvæmd samgönguverkefninu Vestfjarðalínu. Vestfjarðalína verði sérstakur samgöngusáttmáli fyrir Vestfirði sem tryggir öruggan láglendisveg árið um kring og tengir saman mismunandi svæði Vestfjarða og landshlutann saman í eina heild og með öfluga tengingu við höfuðborgarsvæðið.

Flutningsmaður tillögu: Stjórn FV